

SÓN Tímarit um óðfræði, 17/2019

Ritstj. Aðalsteinn Hákonarson, Haukur Þorgeirsson, Teresa Dröfn Freysdóttir Njarðvík.
Útg. Óðfræðifélagið Boðin.

Ljóðabækur 2019.

Steinunn Ásmundsdóttir. *Í senn dropi og haf.* Dimma.

Um þessar mundir eru þrjátíu ár síðan Steinunn Ásmundsdóttir sendi frá sér sína fyrstu bók, *Einleikur á regnboga*, ljóð (1989). Fljótlega eftir frumraunina bættust tvær ljóðabækur við útgefin verk skáldsins. Eftir um tuttugu ára hlé frá útgáfu ljóða kom svo aftur út ljóðabók eftir Steinunni árið 2017 og árlega síðan. Í fyrri sendi hún að auki frá sér bókina *Manneskjusaga, skáldævisaga* sem beinir sjónum að þeim sem eru á skjön og passa ekki inn í samfélagið.

Í nýrri ljóðabók Steinunnar er yfirvegaður tónn og myndmál sem vísar í senn til smæðar mannsins gagnvart náttúrunni og stærðar mannlegra örlaga. Myndir af smæstu atriðum náttúrunnar sem megna að lækna djúp sár manna sitja í huganum eftir lesturinn. Verkið er rammað inn af ljóðum sem bera titilinn FJÖRBROT I-XIII. Yfirskriftin ber með sér hættuástand og því vofir yfir öllu verkinu hið óumflýjanlega og erfiða, einhverskonar endalok sem þó eru aðeins byrjunin á annarri óvissuferð (bls. 52):

Klukkunum hefur verið hringt,
hljómur þeirra svo þungur
að undirstaðan nötrar.

....

Önnur ljóð bókarinnar taka óhjákvæmilega lit af þunganum sem dunar undir þó þau séu ærslafull og létt yfirbragðs (bls. 10):

Í miðri Evrópu
á rússnesku diskóteki
dansaði ég kósakkadans
eins og ég hefði aldrei gert annað
svo tímunum skipti....

Ljóðskáldið dregur náttúruleg fyrirbæri fram sem hliðstæður við ýmislegt sem gerist á milli fólks, í samböndum, í hugskoti einstaklings. Mörg ljóðanna ná að fanga gæðastundir, sem koma fram sem leiftur en hverfa skjótt inn í svarthol óvissu og varnarleysis. Þetta er vel gert. Eftirtektarvert er hvernig höfundur framkallar kveðjustundir, staldrar við það sem á að yfirgefa, án dóma, með yfirsýn (bls. 24):

Ég geng um húsið og kveð
strýk fingrum yfir hluti
legg lófa að þykkum vegg
sem hefur áður skýlt mér
en er mér nú kæfandi múr....

Ljóðabókin er heillegt verk með sterkan ramma, þung örlög og hið óumflýjanlega skapa hinn kyrrláta, ógnandi grunntón en fundvísi á hugblikin sem vara stutt en skipta þó sköpum til að ferðinni sé framhaldið er eftirtektarverður eiginleiki sem höfundur býr yfir. Titillinn Í senn dropi og haf er í raun lýsandi fyrir þá kosti sem lesandinn fær upp í hendurnar með ljóðunum enda í þeim innbyggður sjónauki sem sýnir ýmist vítt og breitt eða stutt og nákvæmlega. – Eva María Jónsdóttir.

